

Skjal nr.	Mótt. af	Mótt. dags.
3.11	650	16. APR. 2019
Ábm.	Úrv.aðili	Málsnr. One
SFP	SAS	1904161

## Akraneskaupstaður

Apríl 2019

Ágæta sveitarfélag.

Nær alla síðustu öld og jafnvel fyrr, voru samvinnufélög af ýmsu tagi s.s. kaupfélög, burðarásar atvinnulífs á Vesturlandi og um allt land. Nú eru þau flest horfin af vettvangi. Hins vegar stendur eftir mikill fjöldi húsa frá þessum tíma sem í dag þjóna margvíslegu hlutverki.

Á árinu 2015 hóf félagið Fífilbrekka, félag lítils áhugahóps að skipuleggja myndatökur af þessum húsum og var byrjað á Vesturlandi og við Breiðafjörð. Jafnframt hófst leit að eldri myndum af húsunum. Alls voru mynduð 178 hús frá Hvalfirði og til byggðanna við norðanverðan Breiðafjörð. Á landinu öllu voru mynduð alls 1.625 hús. Þetta er ótrúlegur fjöldi og vitnar um mikla sögu.

Nú er áformað að halda ljósmyndasýningar með myndum af öllum þessum húsum, bæði nýjar myndir og frá fyrri tíð. Þessar sýningar gætu orðið milli 30-40 á landinu öllu, þar af fimm á Vesturlandi. Fyrsta ljósmyndasýningin var reyndar opnuð á Bifröst 3. desember sl. á 100 ára afmælisdegi Háskólans á Bifröst.

Næsta ljósmyndasýning er áformuð í sumar í gamla skólahúsinu í Ólafsdal og verða þar myndir úr Dölum og Reykhólasveit. Samhliða Dönskum dögum í Stykkishólmi er stefnt að sýningu fyrir allt Snæfellsnes, sem síðar flyttist til Ólafsvíkur, Grundarfjarðar og Breiðabliks. Með haustinu verða svo opnaðar sýningar í Borgarnesi annars vegar og á Akranesi hins vegar.

Um þessar sýningar allar hefur tekist hið ágætasta samstarf við söfn og félög á Vesturlandi sem hafa skrifað undir sérstakar samstarfsyfirlýsingar um ljósmyndasýningarnar - Samvinnuhús. Þá hefur þetta mikla ljósmyndaverkefni verið kynnt fyrir Sambandi sveitarfélaga og þykir mjög athyglisvert á þeim bæ. Verkefnið hefur svo verið styrkt af Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

Áætlaður kostnaður við ljósmyndasýningarnar fjórar á Vesturlandi á þessu ári er áætlaður um 8 milljónir króna.

Á árinu 2020 verður stefnan tekin á Vestfirði og Norðurland og áformað er að síðustu sýningar á landinu verði á árinu 2022. Við hjá Fífilbrekku trúum því og treystum að fjárstuðningur í héraði geri kleift að ljúka samvinnuhúsaverkefninu. Þar skipta sveitarfélögin miklu máli.

Sýningahönnuðir eru þeir: Ívar Gissurarson, bókaútgefandi og þjóðfræðingur og Guðjón Hauksson, grafiskur hönnuður og sagnfræðingur. Textagerð annast m.a. Reynir Ingibjartsson. Þrátt fyrir mikla sjálfboðavinnu við samvinnuhúsaverkefnið, þarf að vanda til verka sem best og fá fagmenn að því.

Á næstunni er því áformað að heimsækja öll sveitarfélög á Vesturlandi og við Breiðafjörð og leita eftir fjárstuðningi við þessar ljósmyndasýningar – Samvinnuhús á árinu 2019. Hjálaga fylgir svo með yfirlit yfir allar myndatökurnar aftur til 2015 og sýnishorn af nokkrum myndum af húsum á Vesturlandi sem tengdust samvinnustarfi á sínum tíma. Sjón er sögu ríkari og hverju húsi fylgir áhugaverð saga.


Með góðri kveðju,  
Reynir Ingibjartsson, starfsmaður verkefnisins – Samvinnuhús.

# Fjöldi samvinnuhúsa á öllu landinu, myndatökur aðallega 2015, 2016 og 2017.

Samantekt 2018 – RI.

Svæði	Fjöldi	Hús mynduð
1. Akranes og Hvalfjörður	24	2015
2. Borgarnes og Borgarfjörður	34	2015
3. Bifröst	30	2018
4. Snæfellsnes	44	2015
5. Dalir og Austur-Barðastrandarsýsla	46	“
6. Vestur-Barðastrandarsýsla	37	“
7. Vestur-Isafjarðarsýsla	31	“
8. Ísafjörður og Norður-Isafjarðarsýsla	28	“
9. Strandasýsla	41	“
10. Húnavatnssýslur	50	2016
11. Sauðárkrókur og Varmahlíð	38	“
12. Hofsós og Fljót	24	“
13. Siglufjörður og Ólafsfjörður	21	“
14. Eyjafjarðarsvæðið	64	2017
15. Akureyri KEA og Verksm. SÍS	100	“
16. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla	64	2016
17. Norður-Þingeyjarsýsla og Bakkafjörður	76	2017
18. Vopnafjörður og Borgarfjörður eystri	38	“
19. Neskaupstaður og Eskifjörður	48	“
20. Reyðarfjörður, Egilsstaðir og Seyðisfjörður	72	“
21. Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfj. og Breiðdalsvík	45	2016
22. Djúpivogur	18	“
23. Höfn og Austur-Skaftafellssýsla	41	2017
24. Vík og Vestur-Skaftafellssýsla	52	2017
25. Vestmannaeyjar	35	2017
26. Rangárvallasýsla, Hvolsvöllur og nágrenni	32	2017
27. Rangárvallasýsla, Hella og nágrenni	21	2017
28. Selfoss og sveitir í Árnassýslu	57	2017
29. Hverag., Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri	34	2017
30. Suðurnes	40	2017
31. Hafnarfjörður og Garðabær	32	2017
32. Kópavogur og Mosfellsbær	19	2017
33. Rvk. Kaupfélag Rvk og nágr. og fl. kaupfél	56	2017
34. Rvk. Mjólkursamsalan	118	2017
35. Rvk. Sláturfél.Suðurl. og Mjólkurfél. Reykjav.	35	2017
36. Rvk. SÍS, deildir og samvinnufyrirtæki	40	2017
37. Rvk. Olíufélagið hf.	23	2017
38. Rvk. Ýmis fyrirtæki	17	2017

1.625 alls.



Áður: Vörugæmslúshús Kaupfélags Hvalfjarðar, byggt upp úr 1921. Við Hvalfjörð í landi Kalastadakots.  
Nú: Hús uppgert í Hvalfjarðarskiðum, Streyppi, nú Hvalfjarðarsveit.



Áður: Mjólkurstöð Kf. Suður-Borgfirðinga frá 1951. Einnig mjólkurbúð og brauðbúð. Síðar Mjólkursamsalan.  
Nú: Fjölbýlishús við Garðabraut 2 a Akranesi.



Aður: Sláturhús Sláturfélags Suðurlands – SS við Laxárbrú frá 1953.  
Nú: Veitinga- og gististaðurinn Laxárbaeki í Leirarsveit, nú Hvalfjarðarsveit.



Adur: Hús Samvinnufélagsins Grims frá 1942 (útgerðarfélag). Húsið kallað Grímshús.  
Nú: Hús umgert og fyrirhugað safnhús í Brákarey, Borgarnesi.



Adur: Söluæild Kf. Borgfiröinga fra 1910-12. Stöar bakari K.B. Húsió kallað Salka.  
Nú: Heimagisting – Stellan of Iceland við Skúlagötu 7 í Borgarnesi.



Áður: Sláturhús Sláturfélags Borgfirðinga frá 1929 og síðar KB frá 1931. Við Snæfellsnesveg og til hægri á myndinni.  
Nú: Gevmsla í Kolbeinsstaðabreppi, nú Borgarbyggð.



Aður: Ishúsið Snæfelli 4 Krossavík utan Hellissands frá 1935. Kf. Hellissands eigandi útrífta sem betringeymsla.  
Nú: Hús umgeert orvinnstofa og íbúð listamanna.



Áður: Pakkhús Clausenverslunar. Kf. Dagsbrúin frá 1943 og Kf. Snæfellinga frá 1965.  
Nú: Þarróðvæðing. Snæfellingar og veitingastofa í umísíun Atthagastofu Snæfellsbæjar. Við Olafsbráut í Olafsvík.



Áður: Verbúðir Hafnarsjóðs, seinna verbúðir og mötuneyti Hraðfrystihúss Grundarfjarðar.  
Nú: Hótel Framnes við Nésveg 6 í Grundarfjarðarbæ.



Áður: Narfevjarhús í eigu Kf. Stykkishólms – afgreiðsla flóabátsins Baldurs, veitingaaðstaða og sjoppa.  
Nú: Narfevjarstofa – veitingahús við Aðalgötu 3 í Stykkishólmsbæ.